



Sveitarfélagið
Hornafjörður


UMHVERFIS- OG LOFTLAGSSTEFNA

Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2022 - 2030



Hlutverk

Hlutverk stefnunnar er að tryggja góð lífsgæði íbúa og innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun hjá sveitarfélaginu. Áhersla er lögð á fjölbreytta og góða þjónustu, blómstrandi mannlíf, skilvirkan og ábyrgan rekstur ásamt öflugu atvinnulífi sem stuðlar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.



Almennt um heimsmarkmiðin

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015.

Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila.





Umhverfis- og loftlagsstefna Hornafjarðar | 2022 - 2030

Umhverfisfræðsla og samskipti við hagaðila

Mikilvægt er að íbúar í Sveitarfélaginu Hornafirði, ungir sem aldnir, hafi aðgang að upplýsingum og fræðslu um umhverfismál og sjálfbæra þróun. Fræðsla er liður í því að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi við ákvarðanatöku í daglegu lífi. Með virku samtali við hagaðila sveitarfélagsins er lögð áhersla á þátttöku allra íbúa í verkefnum tengdum umhverfis- og loftslagsmálum.

Meginmarkmið

Íbúar þekki leiðir til þess að stuðla að bættri umhverfishegðun og draga úr neikvæðum áhrifum sínum á umhverfi og loftslag. Lögð verði áhersla á að allt samfélagið sé virkur þátttakandi í samtali, fræðslu og aðgerðum tengdum umhverfis- og loftslagsmálum.

Leiðir að meginmarkmiði

1. Virk umhverfisfræðsla verði í boði fyrir íbúa og starfsfólk sveitarfélagsins þar sem lögð er áhersla á að þátttakendur þekki umhverfi sitt.
2. Reglulegt samráð fari fram við helstu hagaðila um frammistöðu og úrbætur í tengslum við umhverfis- og loftslagsmál.
3. Sveitarfélagið verði barnvænt samfélag. Umhverfis- og loftslagsmál verði liður í allri menntun og fræðslu á vegum sveitarfélagsins.
4. Öflugir menntunarmöguleikar með áherslu á sjálfbærni og nýsköpun verði í boði innan sveitarfélagsins.



Kynna sér
heimsmarkmið
sameinuðu þjóðanna





Umhverfis- og loftslagsstefna Hornafjarðar | 2022 - 2030

Stjórnsýsla og atvinnumál

Sveitarfélagið Hornafjörður leitast við að vera leiðandi í umhverfis- og loftslagsmálum í sínum rekstri og hvetja atvinnurekendur í sveitarfélaginu til þess að huga að sínum áhrifum og leggja áherslu á sjálfbærni.

Meginmarkmið

Lögð verði áhersla á að sveitarfélagið sé fyrirmynd fyrir íbúa og rekstraraðila innan þess. Unnið sé eftir markvissri stefnu í loftslagsmálum í rekstri sveitarfélagsins, sjálfbærni höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku og markvisst unnið að því að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2030.

Leiðir að meginmarkmiði

1. Sveitarfélagið fylgi grænum skrefum og birti árlega loftslagsbókhald.
2. Innan sveitarfélagsins verði atvinnutækifæri sem stuðla að grænu hagkerfi og styðja við fjölgun starfa án staðsetningar.
3. Öll fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu verði þátttakendur í loftslagsyfirlýsingu Festu og Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
4. Sveitarfélagið verði í virku samstarfi við íbúa, fyrirtæki og stofnanir með það að markmiði að draga úr neikvæðum loftslagsáhrifum innan sveitarfélagsins.



Kynna sér
heimsmarkmið
sameinuðu þjóðanna





Umhverfis- og loftlagsstefna Hornafjarðar | 2022 - 2030

Lýðheilsa

Sveitarfélagið Hornafjörður er heilsueflandi samfélag. Unnið er að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og velliðan allra íbúa sveitarfélagsins. Innan sveitarfélagsins er því unnið að markvissu lýðheilsustarfi.

Meginmarkmið

Stuðlað verði að bættri lýðheilsu og útivist innan sveitarfélagsins með góðu aðgengi að útivistarsvæðum og góðri aðstöðu fyrir alla aldurshópa.

Leiðir að meginmarkmiði

1. Unnið verði að bættu aðgengi að útivistarsvæðum með uppbyggingu göngu- og hjólastíga.
2. Í skipulagi verði skilgreind útivistarsvæði í öllu sveitarfélaginu þar sem hugað er að mótun skjólsælla svæða og góðu aðgengi fyrir alla.
3. Lögð verði áhersla á að bjóða upp á heilsusamlegan og lífrænan mat í mötuneytum á vegum sveitarfélagsins.



Kynna sér
heimsmarkmið
sameinuðu þjóðanna

3

HEILSA OG
VELLIDAN



11

SJÁLFBÆRAR
BÚRIR OG
SAMFÉLAG





Umhverfis- og loftlagsstefna Hornafjarðar | 2022 - 2030

Umhverfisvernd og landnýting

Sveitarfélagið Hornafjörður er umvafið fallettri náttúru og leggur ríka áherslu á að vernda mikilvæg landsvæði og tryggja skynsama landnýtingu innan sveitarfélagsins. Lögð er áhersla á lágmörkun mengunar og verndun viðkvæmra vistkerfa.

Meginmarkmið

Landgæði og landnýting innan sveitarfélagsins verði kortlögð og mörkuð stefna í landnýtingu um verndun lands, skógrækt, endurheimt votlendis, uppgræðslu og landbúnað.

Leiðir að meginmarkmiði

1. Stutt verði við bændur í sveitarfélaginu til aukinnar sjálfbærni í landbúnaði og matvælaframleiðslu.
2. Skilgreind verði sérstök uppgræðslu- og skógræktarsvæði innan sveitarfélagsins.
3. Lögð verði áhersla á verndun ósnortinnar náttúru og íbúum tryggt öruggt aðgengi að friðlýstum svæðum.


Kynna sér
heimsmarkmið
sameinuðu þjóðanna





Umhverfis- og loftlagsstefna Hornafjarðar | 2022 - 2030

Samgöngur og skipulag

Uppbygging og skipulag skal stuðla að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum og bættum lífsgæðum fólks. Við skipulagsvinnu á vegum sveitarfélagsins er haft samráð við íbúa og leitast við að tryggja öllum aðgengi að vistvænum samgöngum.

Meginmarkmið

Skipulag og innviðir sveitarfélagsins styðji við vistvænar samgöngur. Áhersla verði lögð á aðgengi að hjólastígum og hleðslustöðvum fyrir ökutæki sem lið í vegferð sveitarfélagsins að kolefnishlutleysi.

Leiðir að meginmarkmiði

1. Stefnt verði að orkuskiptum á öllum bifreiðum og vélum á vegum sveitarfélagsins og lögð áhersla á umhverfisvæna orkugjafa í öllum innkaupum.
2. Innviðir í sveitarfélaginu styðji við orkuskipti í samgöngum.
3. Unnið verði að uppbyggingu hjóla- og göngustíga innan sveitarfélagsins, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Samhliða verði tryggt aðgengi að þjónustustöðvum og öruggum hjólastæðum.
4. Neikvæð áhrif á umhverfi og loftslag vegna framkvæmda á vegum sveitarfélagsins verði lágmrkuð.
5. Skipulag byggðar stuðli að notkun sjálfbærra samgöngumáta.
6. Byggð í sveitarfélaginu falli vel að umhverfinu og búi yfir viðnámsþrótti gagnvart loftslagsbreytingum.


Kynna sér
heimsmarkmið
sameninuðu þjóðanna





Umhverfis- og loftlagsstefna Hornafjarðar | 2022 - 2030

Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun

Sveitarfélagið Hornafjörður ætlar að vera í fararbroddi meðal íslenskra sveitarfélaga í úrgangsförvörnum og innleiðingu hringrásarhagkerfis. Góð nýting auðlinda og ábyrg meðhöndlun úrgangs er liður í allri ákvörðunartöku.

Meginmarkmið

Dregið verði úr myndun úrgangs innan sveitarfélagsins samhliða aukinni endurnýting og endurvinnsla verði aukin. Áhersla verði lögð á aðgengi að vistvænum vörum framleiddum í heimabyggð og fræðslu um hringrásarhagkerfi.

Leiðir að meginmarkmiði

1. Úrgangur sem fellur til í rekstri sveitarfélagsins verði lágmarkaður eftir fremsta megni og tryggt að sá úrgangur sem fellur til rati í réttan endurvinnslufarveg.
2. Innkaupastefna sveitarfélagsins styðji við hringrásarhagkerfi.
3. Á fjölsóttum ferðamannastöðum innan sveitarfélagsins verði í boði notendavæn sorpflokkun.
4. Að lágmarki 80% úrgangs sé flokkaður innan sveitarfélagsins.



Kynna sér
heimsmarkmið
sameinuðu þjóðanna

3

HEILSA OG
VELLÍBAN



12

ÁBYRG
HEIÐSLA



13

VERNDUN
JARÐARINNAR



Eftirlit

Sveitarfélagið er með árlega eftirfylgni með stefnumarkandi áætlunum og tengdum aðgerðaáætlunum og setur fram mælikvarða og leiðir til að safna og birta gögn. Sveitarfélagið sinnir eftirliti í verki með því að mæla núverandi stöðu í ýmsum þáttum í starfsemi og rekstri sveitarfélagsins og setja sér jafnframt markmið um framfarir til ársins 2030. Leiðbeinandi markmiðasetning með þátttöku í framþróunar og átaksverkefnum innan sveitarfélagsins þar sem gerðar eru árlegar árangursmælingar og upplýsingarnar skráðar gagnabanka eru til að upplýsa samfélagið um árangur sveitarfélagsins í innleiðingu heimsmarkmiða og samþykkrar stefnumótunar.

Virðing | Framsækni | Samvinna